



**334. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 9. febrúar 2023 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Knútur G. Hauksson, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri.**

**Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud og Garðar Svansson**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Upplýsingar frá skrifstofu og sviðum**

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri skýrði frá helstu verkefnum skrifstofu og sviða. UMFÍ er nú flutt í skrifstofuhúsnæðið á 3. hæð í húsi 3. Fundarsalir á þeirri hæð verða tilbúnir fyrir fyrstu þing sérsambanda síðar í mánuðinum. Töluverð vinna er þó enn eftir við parketlagningu og snyrtingar.

Áætlað er að Vésteinn komi til starfa á vormánuðum og verði þá með aðstöðu bæði hjá ÍSÍ og ráðuneytinu.

##### **2. Fjármálaupplýsingar**

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir stöðu reksturs ÍSÍ. Reksturinn er í góðu jafnvægi. Fjölmörg ólympísk verkefni verða á árinu 2023 og eru þau afar kostnaðarsöm. Í samræmi við ákvarðanir fyrri ára þá verður gripið til þess að í ársreikningi ÍSÍ fyrir árið 2022 verður tekjum vegna leika frestað til ársins 2023 en verið er að meta upphæð þeirrar tilfærslu.

##### **3. Afrekssjóður ÍSÍ**

Knútur G. Hauksson fór yfir stöðu mála varðandi Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) sem fært var úr A-flokki sérsambanda yfir í B-flokk. Töluverð umræða hefur verið í fjölmiðlum um málið og þær fjárhagslegu afleiðingar sem þetta hefur á sambandið. Ýmsar rangfærslur hafa komið fram í þeirri umræðu og var ákveðið að svara þeirri umræðu eftir þörfum. Vísað til forseta og framkvæmdastjóra.

Rætt um mótvægisáðgerð ÍSÍ í formi auka fjárframlags til KKÍ sem áætlað var að draga úr þeim afleiðingum og samþykkt var af framkvæmdastjórn ÍSÍ um leið og ljóst var að sambandið félli úr A-flokki niður í B-flokk.

Knútur skýrði frá því að búið væri að kalla eftir athugasemdum frá sérsamböndum við reglur Afrekssjóðs ÍSÍ. Skilafrestur er 20. febrúar nk.

Almennar umræður urðu um málið.

Knútur skýrði einnig frá því að greiningarvinna sé hafin í starfshópi ráðuneytis um réttindi afreksíþróttafólks. Knútur og Kristín Birna Ólafsdóttir eiga sæti í hópnum fyrir hönd ÍSÍ og Vésteinn Hafsteinsson er formaður hópsins.

#### **4. Sameiginleg yfirlýsing norrænna íþrótt- og ólympíusamtaka**

Forseti vísaði til rafrænna samskipta framkvæmdastjórnar vegna samþykktar á yfirlýsingu norrænna íþrótt- og ólympíusamtaka um stöðuna í Úkraínu í kjölfar fjarfundar fulltrúa frá öllum Norðurlöndunum. Forseti, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs sátu fundinn.

Á fundinum var farið yfir stöðuna og yfirlýsingar Alþjóðaólympíunefndarinnar og Sameinuðu þjóðanna varðandi hlutlausu þátttöku Rússlands og Belarús í alþjóðlegum íþróttaviðburðum ásamt yfirlýsingu EOC um að þessum þjóðum verði ekki heimiluð þátttaka í Evrópuleikunum í sumar.

Algjör samstaða var í hópnum um að standa við fyrri yfirlýsingu um málið í ljósi þess að í raun hefur ekkert breyst varðandi stríðið í Úkraínu, a.m.k. ekki til batnaðar.

Yfirlýsingin var birt á heimasíðu ÍSÍ og send til fjölmiðla og hljóðar svo:

#### **Yfirlýsing frá norrænum Ólympíunefndum, íþróttasamböndum og íþróttasamböndum fatlaðra vegna stríðsins í Úkraínu:**

1. Staðan í stríðinu í Úkraínu hefur ekki breyst.
2. Þess vegna stöndum við fast við þá afstöðu okkar, að opna ekki fyrir þátttöku íþróttafólks og embættismanna frá Rússlandi og Belarús í alþjóðlegu íþróttastarfi.
3. Nú er ekki rétti tíminn til að huga að endurkomu þeirra; það er afstaða okkar.
4. Við, Ólympíunefndir, íþróttasambönd og íþróttasambönd fatlaðra á Norðurlöndum, notum þetta tækifæri til að ítreka staðfastan stuðning okkar enn og aftur við úkraínsku þjóðina og kröfuna um frið.
5. Við, Ólympíunefndir, íþróttasambönd og íþróttasambönd fatlaðra á Norðurlöndum munum vinna saman og í nánú samráði við viðeigandi hagsmunaaðila til að meta stöðuna og fylgjast náið með ástandinu.

Undir yfirlýsinguna skrifa forsetar allra norrænna íþrótt- og ólympíusamtaka og íþróttasamtaka fatlaðra.

#### **5. Íþróttaping ÍSÍ**

76. Íþróttaping ÍSÍ verður haldið í Ólafssal í Íþróttamiðstöðinni Ásvöllum í Hafnarfirði dagana 5. og 6. maí nk. Þingsetning verður síðdegis og áætlað er að starfað verði í þingnefndum að Ásvöllum. Nánara fyrirkomulag verður kynnt síðar.

Hafsteinn Pálsson skýrði frá undirbúningi breytinga á lögum ÍSÍ og helstu forsendur þeirra breytinga sem unnið er að. Rætt um mögulega fækkun þingfulltrúa, í ljósi þess að þingfulltrúum fjölgar með hverju nýju sérsambandi og þingið verður þannig fjölmennara, kostnaðarsamara og þyngra í vöfum.

#### **6. Ábyrgð sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni**

Forseti fór lauslega yfir málefni sjálfboðaliða, með hliðsjón af nýlegum ákærum vegna alvarlegs slyss í hoppukastala á Akureyri sumarið 2021. Forseti skýrði frá því að verið sé að vinna úttekt varðandi það mál til að skýra stöðuna gagnvart sjálfboðaliðum sem starfa í hreyfingunni. Mál

Þetta hefur valdið miklum áhyggjum og umræðum í hreyfingunni um ábyrgð sjálfbóðaliða í alvarlegum atvikum sem þessum.

## 7. Erindi varðandi stefgjöld

Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi sem hann og sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSÍ áttu með fulltrúum frá STEF varðandi greiðslur vegna notkunar á tónlist í íþróttastarfinu. Aðilar ræddu ýmsar hliðar málsins og ákváðu að vinna ákveðna greiningarvinnu vegna málsins og funda aftur um málið eftir nokkrar vikur, þegar gögn liggja fyrir.

## 8. Vinnuhópar

### *Vinnuhópur um nýjar íþróttagreinar*

Úlfur H. Hróbjartsson formaður vinnuhópsins fór yfir þær tillögur sem vinnuhópur ÍSÍ um nýjar íþróttagreinar leggur til við framkvæmdastjórn og fram koma í lokaskýrslu hópsins sem lögð hefur verið fyrir framkvæmdastjórn og kynnt á síðastliðnum fundum. Eftirfarandi var samþykkt:

### **Varðandi staðfestingu nýrra íþróttar:**

- Að í viðurkenningu íþróttar hér á landi felist einnig viðurkenning á öllum greinum innan þess alþjóðasambands sem viðkomandi íþrótt tilheyrir, svo fremi að allar greinar séu í samræmi við lög ÍSÍ og Íþróttalög.  
Listi yfir viðurkenndar íþróttagreinar ÍSÍ, sem birtur er á heimasíðu ÍSÍ, verður endurbættur með hliðsjón af ofangreindu. Þar verða allar keppnisgreinar viðkomandi alþjóðasambanda listaðar upp sem og nafn viðkomandi alþjóðasambands.  
Ef íþróttagrein fellur út sem viðurkennd íþróttagrein hjá IOC þá þarf framkvæmdastjórn ÍSÍ að taka ákvörðun um viðurkenningu viðkomandi íþróttar á Íslandi, út frá iðkun og útbreiðslu.
- Að á heimasíðu ÍSÍ verði einnig sérstakur listi yfir þær ólympísku greinar sem gestgjafar Ólympíuleikanna velja sem valkeppnisgreinar á viðkomandi Ólympíuleikum. Sá listi er lifandi og verður endurskoðaður reglubundið í samræmi við útgefnar upplýsingar frá Alþjóðaólympíunefndinni um keppnisgreinar hverra leika. Þessar íþróttagreinar hljóta sjálfkrafa viðurkenningu ÍSÍ, á meðan þær eru ólympískar.
- Að á skrifstofu ÍSÍ sé haldinn listi yfir öll þau alþjóðasambönd íþróttar sem Alþjóðaólympíunefndin hefur viðurkennt og allar keppnisgreinar undir þeim.  
Listinn verður nýttur til að flýta fyrir afgreiðslu beiðna um viðurkenningu nýrra íþróttagreina sem finnast á ofangreindum listum. Þannig getur skrifstofa annast staðfestingu á þeim íþróttum sem eru á listanum, til að flýta fyrir ferlinu, þó staðfesting þurfi að bókast formlega í fundargerð framkvæmdastjórnar.  
Undantekning frá ofangreindu eru bardagaíþróttagreinar, þær þurfa alltaf staðfestingu frá framkvæmdastjórn ÍSÍ, í ljósi ákvæðis í lögum ÍSÍ varðandi íþróttagreinar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ metur að geti vegna eðli íþróttarinnar/þjálfunarinnar valdið heilsutjóni og með hliðsjón af mögulegum takmörkunum í landslögum.
- Að ef íþróttafélag um íþrótt sem ekki er viðurkennd af Alþjóðaólympíunefndinni sækir um aðild að íþróttahéraði þá þurfi framkvæmdastjórn alltaf að taka málið fyrir sérstaklega.

**Varðandi fyrirkomulag íþróttanefnda:**

Samþykkt var að leggja niður fyrirkomulag varðandi íþróttanefndir ÍSí. Íþróttanefndir eru ekki nefndar í lögum og hafa starfað samkvæmt vinnureglum sem framkvæmdastjórn setti fyrir margt löngu um starf nefnda.

Skrifstofu falið að útbúa verkferil og tímalínu varðandi aðlögun þeirra nefnda sem eru starfandi í dag innan vébanda ÍSí að nýju fyrirkomulagi.

**Varðandi stofnun sérsambanda:**

Samþykkt að leggja til á komandi Íþróttapingi breytingu á lögum ÍSí varðandi stofnun sérsambanda með hliðsjón af tillögum vinnuhópsins í framlagðri skýrslu.

Skrifstofu falið að vinna endanlegar tillögur að lagabreytingunum sem og yfirlit sem sýnir leið íþróttar að stofnun sérsambands, með hliðsjón af niðurlögn íþróttanefnda ÍSí.

**Varðandi aðild sérsambanda að alþjóðasamböndum:**

Samþykkt að leggja til á komandi Íþróttapingi breytingar á lögum ÍSí til að tryggja samræmi og heimildir varðandi aðildir sérsambanda að alþjóðasamböndum, skv. tillögum vinnuhóps í framlagðri skýrslu.

Skrifstofu falið að vinna endanlegar tillögur að lagabreytingum sem og verkferla og aðra nauðsynlega ramma vegna málsins.

Samþykkt að á skrifstofu sé haldið yfirlit yfir aðildir sérsambanda ÍSí að erlendum yfirsamtökum íþróttar.

*Vinnuhópur um íþróttahéruð*

Hörður Þorsteinsson formaður vinnuhópsins kynnti tillögur sem unnar hafa verið í vinnuhópnum, með hliðsjón af tillögum vinnuhóps UMFÍ um sama málefni og tillögur vinnuhópa ÍSí frá fyrri tíð.

Um er að ræða hugmynd um átta starfsstöðvar um landið sem byggja ofan á núverandi skiptingu íþróttahéraða. Starfsstöðvarnar yrðu samstarfsverkefni ÍSí, UMFÍ og íþróttahéraða. Hörður fór yfir möguleg verkefni slíkra starfsstöðva og hlutverk, hugmynd að fyrirkomulagi og fjármögnun og næstu möguleg skref í málinu.

Hörður skýrði frá því að skýrslugerð væri langt komin og að UMFÍ ætli sér að kynna hugmyndirnar fyrir stjórn UMFÍ á næstu dögum.

Fundarmenn tóku vel í tillögurnar. Frekari umfjöllun um málið verður þegar skýrslan liggur fyrir.

**9. Heiðranir**

Samþykkt að sæma Jóhann Króksnes Torfason Heiðurskrossi ÍSí fyrir framúrskarandi störf í þágu íþróttar á Vestfjörðum, knattspyrnuhreyfingarinnar og ÍSí. Viðurkenningin verður afhent við þingsetningu ársþings KSÍ á Ísafirði 25. febrúar nk.

Samþykkt að sæma Helga Hauksson dómara í kraftlyftingum Gullmerki ÍSí fyrir góð störf í þágu kraftlyftinga á Íslandi. Tilnefningin barst frá Kraftlyftingasambandi Íslands og verður heiðursviðurkenningin afhent á ársþingi sambandsins 25. febrúar nk.

## 10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:

- 332. og 333. fundar framkvæmdastjórnar.

## 11. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

## 12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir stjórnar eru áætlaðir 2. mars, 30. mars, 13. apríl og 4. maí.

## 13. Önnur mál

### *Lýðheilsumál*

Viðar Garðarsson óskaði eftir því að óskað yrði eftir fundi með heilbrigðisráðherra og mennta- og barnamálaráðherra saman vegna lýðheilsumála og annarra hagsmunamála sem tengjast báðum ráðuneytum. Vísað til forseta og framkvæmdastjóra að hafa samband við ráðuneytin og óska eftir fundi.

### *Fundur forseta með sérsamböndum ÍSÍ*

Forseti skýrði frá fjarfundi sem hann hélt með formönnum sérsambanda ÍSÍ um ýmis málefni svo sem málefni Úkraínu, undirbúning fyrir Íþróttaping, skipulag skrifstofu ÍSÍ, málefni sjálfboðaliða, þing sambandsaðila og fleira. Forseti áætlað að halda sambærilegan fund á næstu dögum með formönnum íþróttahéraða. Stefnan er tekin á að halda fundi sem þessa reglubundið yfir árið.

### *Erindi Skvassnefndar ÍSÍ*

Tekið fyrir erindi Skvassnefndar ÍSÍ þar sem óskað er eftir breytingum á skipan nefndarinnar. Breytingin samþykkt og er gert ráð fyrir því að nýskipuð nefnd starfi fram að komandi Íþróttapingi í maí, með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum varðandi skipulag íþróttanefnda. Í nefndinni sitja Kristinn Jóhannsson formaður, Leifur Grétarsson og Atli Hjaltested.

### *Hagræðing úrslita*

Forseti skýrði frá því að mennta- og barnamálaráðuneyti og Lyfjaeftirlit Íslands (LÍ) hefðu nýverið undirritað nýjan samning um stofnunina. Hlutverk LÍ hefur verið útvíkkað og annast nú fræðslu og forvarnarstarf í baráttunni gegn hagræðingu úrslita.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari